

TILGANGUR

Gæðastefnan markar sýn og gildismat Landspítala til öryggis og gæða í þjónustu við sjúklinga. Gæðastefnan endurspeglar stefnu Landspítala.

SÝN

Að öryggismenning Landspítala sé öflug, en réttlát og í samræmi við lög. Starfsfólk og sjúklingar eru hvött til að ræða opinskátt um það sem úrskaiðis fer í þjónustunni og taka þátt í umbótum. Fjölbreyttar gagnreyndar aðferðir eru notaðar til að skipuleggja, tryggja, stýra og bæta gæði þjónustunnar.

Gæðastefna Landspítala endurspeglar sjö meginvæddir WHO um gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu



ÖRYGGI

Öryggi sjúklinga er sett í öndvegi þar sem þróun klínískra ferla og verklag miðar að því að lágmarka mannleg mistök. Traust ríkir á milli starfsmanna. Áhersla er lögð á sálfélagslegt öryggi og menningu án ásakana.



TÍMANLEIKI

Rétt meðferð, á réttum tíma og á réttu þjónustustigi er grundvöllur góðrar þjónustu. Óþarfa bið eftir þjónustu er haldið í lágmarki.



SKILVIRK ÞJÓNUSTA

Þjónustan er í stöðugri þróun til að lágmarka sóun og hámarka virði þjónustunnar fyrir sjúklinginn og aðstandendur hans. Nýsköpun og samhæfing verklags eru eflað til að auka virði þjónustunnar.



JAFNRÆÐI

Réttur sjúklings til bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita óháð kynferði, trú, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ættirni og stöðu að öðru leyti.



NOTENDAMÍÐUÐ ÞJÓNUSTA

Virðing gagnvart þörfum og væntingum sjúklinga og þátttaka þeirra í eigin meðferð, er grundvöllur allrar þjónustu. Sjúklingar og starfsfólk vinna saman að stöðugum umbótum á þjónustunni.



ÁRANGURSRÍK ÞJÓNUSTA

Landspítali veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem byggð er á bestu þekkingu sem völ er á. Árangur meðferða er birtur á hlutlægan hátt.



SAMÞÆTT HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Landspítali leggur áherslu á samhæfingu heilbrigðis- og félagsþjónustu og að umönnun sjúklinga sé samfelld milli ólíkra þjónustustiga og veitenda.